

Greinargerð með fjárhagsáætlun

Sveitarfélagsins Ölfuss

fyrir árin 2013-2016



GREINARGERÐ MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN SVEITARFÉLAGSINS ÖLFUSS FYRIR ÁRIN 2013-2016

Inngangur

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árið 2013, ásamt þriggja ára áætlun 2014-2016, var lögð fram til fyrri umræðu þann 29. nóvember og samþykkt við síðari umræðu þann 13. desember s.l.

Fjárhagsáætlun þessi hefur verið unnin sameiginlega af bæjarstjórn, bæjarráði, bæjarstjóra, bæjarritarar svo og forstöðumönnum deilda.

Rammi áætlunarinnar var markaður af bæjarstjórn/bæjarráði með það að markmiði að tryggja íbúum Sveitarfélagsins Ölfuss sem besta grunnþjónustu samhliða áframhaldandi uppbygginu í þágu íbúa og samfélags.

Gjaldskrár sveitarfélagsins verða almennt hækkaðar um tæp 5% frá árinu 2012.

Fjárhagsáætlunin er enn á ný lögð fram með ákveðnum óvissupætti sem getur haft áhrif á áætlaða rekstrarniðurstöðu en viðræðum um hvernig rekstri Fasteignar hf. sem sveitarfélagið leigir íþróttamiðstöðina af og er einnig hluthafi í félaginu, verður háttáð er ekki enn lokið en þær hafa staðið yfir síðastliðin ár. Áætlunin byggir þó á þeim gögnum sem fram hafa komið varðandi fyrirhugað rekstrarform fyrirtækisins til næstu ára. Á árinu 2013 er gert ráð fyrir um 50 m kr. í leigugreiðslur vegna íþróttamiðstöðvarinnar ef breytingar ganga eftir og svipaðri tölu á árinu 2014 en síðan munu leigugreiðslur hækka á árinu 2015 í um 65 mkr. á ári. Í nýjum leigusamningi er gert ráð fyrir kauprétti sveitarfélagsins á íþróttamiðstöðinni á samningstímanum en án uppgreiðsluálags til loka ársins 2014.

Sveitarfélagið Ölfus	Íbúafjöldi 1.1. 2012.	Íbúafjöldi 1.1.2013.	Væntur íbúafjöldi 2013
Íbúar í Þorlákshöfn.	1.533.	1.522.	1.540.
Íbúar í dreifbýli Ölfuss.	382.	408.	413.
Samtals.	1.915.	1.930.	1.953.

Samkvæmt 60 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skiptist starfsemi sveitarfélaga á eftirfarandi hátt:

- a) Sveitarsjóður, þ.e. aðalsjóður sveitarfélags auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum,
- b) stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Meginreglan er sú að í A-hluta, flokkast þær rekstrareiningar sveitarfélagsins sem fjármagnaðar eru að hluta eða öllu leyti með skatttekjum (aðalsjóður, eignasjóður og þjónustumiðstöð), en í B-hluta flokkast þær rekstrareiningar (þjónustueiningar) sem reknar eru sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar og hafa lagaheimild til að innheimta þjónustugjöld til þess að standa að fullu undir útgjöldum sínum (vatnsveita, hafnarsjóður, íbúðir eldri borgara, félagslegar íbúðir, uppgæðslusjóður og fráveita).

Áætlaðar heildartekjur sveitarfélagsins A- og B-hluta nema alls tæpum 1.597 mkr. fyrir árið 2013. Þar af eru skatttekjur áætlaðar 1.004 mkr, framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 274 mkr. og aðrar tekjur samstæðunnar 319 mkr.

Áætluð rekstrargjöld samstæðunnar fyrir fjámgagnsliði og afskriftir eru áætlaðar 1.456 mkr. og reiknaðar afskriftir samstæðunnar 125 mkr. og er því áætluð niðurstaða fyrir fjármagnsliði jákvæð um tæpar 141 mkr.

Launakostnaður er áætlaður um 700 mkr. eða tæp 50% af heildarútgjöldum.

Stöðugildi eru alls 111 og fastir starfsmenn um 142.


Fjármagnsliðir eru áætlaðir tæpar 124 mkr og fara lækkandi frá fyrra ári.

Áætluð rekstrarniðurstaða A-hluta samstæðunnar er því jákvæð um rúmlega 28 mkr. og samstæðunnar í heild jákvæð um 17.5 mkr.

Á árinu 2013 eru áætlaðar afborganir langtímalána samstæðunnar 115 mkr.

Þá er gert ráð fyrir nýjum lántökum á árinu að upphæð 25 mkr.

Gert er ráð fyrir að skammtímaskuldir verði svipaðar milli áranna 2012 og 2013 en skammtímaskuldir hafa lækkað verulega á síðustu tveimur árum.



Útsvarsstekjur hafa þróast með eftirfarandi hætti síðustu ár.

Ársreikningur 2011	Fjárhagsáætlun 2012	Fjárhagsáætlun 2013
644.839.	693.000.	727.500.

Útsvar verður óbreytt frá fyrra ári eða 14.48%.

Álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði verður óbreytt frá fyrra ári í 0.36% af fasteignamat. Fasteignamat milli áranna 2012 og 2013 hækkar um tæp 2%.

Gert er ráð fyrir afslætti á fasteignaskatti og fráveitugjaldi til elli- og örorkulífeyrisþega samkvæmt sérstökum reglum sem samþykktar hafa verið í bæjarstjórn. Hámark fasteignaskatts skv. lögum er allt að 0,5%.

Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði verður óbreyttur frá fyrra ári eða 1.6%. Fasteignaskattur á opinbert húsnæði er ákveðinn með lögum og er 1.32% af fasteignamati. Gert er ráð fyrir óbreyttri lóðarleigu á milli ára eða 0.7% af fasteignamati lóðar. Hámarks fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði er 1,65% skv. lögum.

Álagning fasteignaskatts hefur þróast með eftirfarandi hætti.

Ársreikningur 2011	Fjárhagsáætlun 2012	Fjárhagsáætlun 2013
231.630.	254.300.	257.900.

Tekjur úr Jöfnunarsjóði eru áætlaðar 274 mkr. og fara hækkandi milli ára.


Ársreikningur 2011	Fjárhagsáætlun 2012	Fjárhagsáætlun 2013
237.919.	231.955.	274.480.

Gjaldskrár

Útsvar	14,48%
Fasteignaskattur íbúðarhús A	0,36%
Fasteignaskattur B, opinbert húsnæði	1,32%
Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis C	1,60%
Vatnsskattur	0,12%
Vatnsskattur skv. mæli	kr. 10,50 pr/m ³
Holræsagjald	0,25%
Lóðarleiga A-flokkur	0,70%
Lóðarleiga B-flokkur	0,70%
Lóðarleiga C-flokkur	0,70%
Lóðarleiga D-flokkur	Skv. lóðarsamningi

Gjalddagar fasteignagjalda verða 8 eins og verið hefur, þ.e. 1. febrúar – 1. september.

02. FÉLAGSPJÓNUSTA



Útgjöld til félagsmála hafa þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2011	Fjárhagsáætlun 2012	Fjárhagsáætlun 2013
146.491.	154.050.	159.250.

Miklar breytingar voru gerðar á fyrirkomulagi félagspjónustu í sveitarfélaginu á árinu 2011 þegar sveitarfélagið gerðist stofnaðili að Velferðarþjónustu Árnesþings ásamt Hveragerðisbæ, Flóahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Bláskógabyggð og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Reynslan af sameiningu þessari hefur verið almennt góð.

Yfirstjórn málaflokksins er í höndum sameiginlegs félagsmálastjóra og velferðarnefndar og er hlutdeild sveitarfélagsins í þeim rekstri áætluð um 5.3 mkr. á árinu 2013.

Þá er ein staða félagsráðgjafa í Þorlákshöfn sem er alfarið greidd af sveitarfélaginu.

Innan félagspjónustunnar eru tæp 17,2 stöðugildi. Launakostnaður er áætlaður rúmar 100.0 mkr. eða um 66% af heildarútgjöldum innan málaflokksins.

Yfirfærsla málefna fatlaðra hefur í öllum atriðum gengið mjög vel
 Rekstur félagsþjónustunnar verður að öðru leyti með svipuðu sniði og verið hefur.

Heildarútgjöld til félagsþjónustu eru áætluð um 181.5 mkr. og rekstrartekjur um 21.9 mkr.


Gjaldskrár innan málaflokksins verða hækkaðar um tæp 5% eins og flestar gjaldskrár sveitarfélagsins þann 1. janúar n.k til að mæta þeim verðlagshækkunum sem orðið hafa.

Matur fyrir eldri borgara	kr. 1.046,- pr/dag
Hádegisverður	kr. 690,- pr/dag
Morgunmatur	kr. 345,- pr/dag

03. HEILBRIGÐISMÁL

Undir liðinn heilbrigðismál er fært framlag sveitarfélagsins til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Framlagið er miðað við fjölda íbúa í sveitarfélaginu og er áætlað að það verði rúmar 1.4 mkr.

04. FRÆÐSLU- OG UPPELDISMÁL



Rekstur fræðslumála hefur þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2011	Fjárhagsáætlun 2012	Fjárhagsáætlun 2013
542.321.	540.390.	571.135.

Í Þorlákshöfn er rekinn leikskólinn Bergheimar og Grunnskóli Þorlákshafnar. Þá á sveitarfélagið 14% eignarhlut í Grunnskólanum í Hveragerði og 11% í leikskóla í Hveragerði. Um skólavist barna sem búa í dreifbýli Ölfuss fer samkvæmt samningum milli Ölfuss og Hveragerðis annars vegar og Ölfuss og Árborgar hins vegar. Fræðslunefnd fer með málaflokkinn í umboði bæjarstjórnar. Sveitarfélagið á fulltrúa í fræðslunefnd Hveragerðis.

Heildarútgjöld til fræðslu og uppeldismála eru áætluð um 613.5 mkr. eða um 47% af áætluðum skatttekjum ársins og rekstartekjur um 42 mkr. og er þetta langstærsti málaflokkur sveitarfélagsins í kostnaði og umfangi talið.

Heildarútgjöld til reksturs Grunnskólans í Þorlákshöfn eru áætluð um 364 mkr. en rekstartekjur 14.5 mkr. Áætluð hlutdeild sveitarfélagsins í rekstri Grunnskólans í Hveragerði með skólaakstri er um 50 mkr. en veruleg hagræðing hefu náðst í skólaakstri skólabarna í dreifbýli Ölfuss án þess þó að skerða þjónustuna. Lítilsháttar fjölgun er á nemendum úr dreifbýlinu, Vegna skólagöngu barna úr Árbæjarhverfi sem sækja skóla í Árborg er áætlaður kostnaður með skólaakstri rúmar 10 mkr. Nemendum sem stunda nám vð grunnskólana á Selfossi er heldur að fækka um þessar mundir. Aðrir liðir sem lúta að rekstri grunnskóla eru framlög til Skólaskrifstofu Suðurlands vegna skólabarna í dreifbýli Ölfuss, rekstur frístundaheimila í þéttbýli og dreifbýli og ýmiskonar þjónustu og vörukaup svo sem rekstur skólamötuneytis en rekstur þess er niðurgreiddur sem nemur um 5. mkr á árinu auk mannahalds.

Í Grunnskólanum í Þorlákshöfn eru um 231 nemendi. Stöðugildi við kennslu eru 28.6 og önnur störf 17.5. Hlutfall grunnskólakennara er um 96%. Áætlaður launakostnaður er um 248 mkr. eða um 68% af heildarkostnaði við rekstur skólans. Ekki er sérstaklega sundurliðaður launakostnaður í grunnskólum utan Þorlákshafnar.

Heildarútgjöld til leikskólans Bergheima eru áætluð um 122 mkr. en rekstrartekjur eru áætlaðar rúmar 26 mkr. eða um 23% af heildarrekrastkostnaði leikskólans. Fæðisgjaldskrá Bergheima var hækkað um tæp 5% frá og með 1. janúar s.l. til að mæta verðlagshækkunum. Tímagjald í leikskólanum Bergheimum hefur verið óbreytt frá 1. janúar 2008 þar til 1. janúar 2013 þegar það verður hækkað í samræmi við aðrar gjaldskrár sveitarfélagsins.

Fimm ár eru síðan ein deild leikskólans var flutt upp í grunnskóla. Verkefnið var tilraunaverkefni en með því er deild elsta árgangs leikskólabarna rekin í samvinnu við grunnskólann og frístundaheimilið.

Í leikskólanum eru alls 79 börn frá 2-6 ára. Dvalarstundir samtals eru 637 klst. og meðal dvalartími er 8,1 klst. á dag. 1. janúar 2013 voru 9 börn á biðlista eftir leikskólaplássi í Þorlákshöfn. Stöðugildi við menntun og uppeldi eru 19,1 og við önnur störf 1,33. Leikskólakennarar eru 10 og leikskólaliðar 3 og annað starfsfólk er alls 13. Stöðugildi skiptast þannig að leikskólakennarar eru í 9.1. stöðu og ófaglærðir í 10 stöðum. Launakostnaður leikskólans er áætlaður rúmar 100 mkr. sem nemur um 82% af heildarrekrastkostnaði af rekstri leikskólans.

Hafin er vinna við stækkun leikskólans Bergheima og eru áætlaðar 150. mkr. til verksins 2013 og 15. mkr. á árinu 2014.

Vegna leikskólaplássna í Hveragerði áætlað sveisarfélagið að greiða um 14.5 mkr. Fyrir leikskólaláss í Árborg er alls áætlað að greiða 3.8 mkr.

Sveitarfélagið er aðili að Tónlistarskóla Árnésinga og eru framlög til skólans áætluð 28.5 mkr. Skólanefnd fer með málefni skólans í umboði hlutaðeigandi sveitarfélaga. Framlag sveitarfélagsins er til greiðslu launakostnaðar kennara og skólastjóra. Deild tónlistarskólans er rekin í aðstöðu Grunnskólans í Þorlákshöfn. Stöðugildi eru 0,6 í Þorlákshöfn og nemendur á yfirstandandi skólaári um 85.

Sveitarfélagið styrkir tónlistarnemendur sem sækja þurfa tónlistarnám utan sveitarfélagsins á grundvelli reglna sem sveitarfélagið hefur sett.

Sveitarfélagið styrkir einnig námsmenn á framhaldsskóla- og háskólastigi sem stunda nám utan sveitarfélagsins, með styrkjum samkvæmt sérstökum reglum sem settar hafa verið af bæjarstjórn og hefur svo verið um árabíl.

Sveitarfélagið niðurgreiðir vistun hjá dagmæðrum og er áætlaður kostnaður við það á árinu 2013 um 3.5 mkr.

Í þéttbýli Ölfuss eru starfandi 4 dagmæður.

GJALDSKRÁR FYRIR ÁRIÐ 2013

Matur fyrir börn í grunnskóla/frístundaheimili	kr. 341,- pr/máltíð
Kaffi/hressing	kr. 115,- pr/hressing

GJALDSKRÁ FRÍSTUNDAHEIMILIS 2013

Heilsdagsvistun frá lok skóladags til kl. 17:15	9.990 pr/mán
Hálf dagsvistun frá lok skóladags til kl. 15:15	4.950 pr/mán

- Veittur er systkinaafsláttur. Systkinaafsláttur verður 25% með öðru barni og 50% með þriðja barni.

LEIKSKÓLAGJÖLD 2013

Tímagjald verður 2.964. pr. klst. fram til kl. 16.00 og milli kl. 16.00 – 17.00 kr. 4.707.
Matur hækkar um tæp 5% frá 1. janúar 2013 til að mæta verðlagshækkunum.

	4 tímar	5 tímar	6 tímar	7 tímar	8 tímar	9 tímar	Hressing/morgun/ síðdegi	Fæði hádegi
	Frá kl. 08:00- 12:00	Frá kl. 08:00- 13:00	Frá kl. 08:00- 14:00	Frá kl. 08:00- 15:00	Frá kl. 08:00- 16:00	Frá kl. 08:00- 17:00		
Almennt gjald	11.856	14.820	17.784	20.748	23.712	28.419	1.925	4.948
Forgangsgjald	8.299	10.374	12.449	14.524	16.598	19.893	1.925	4.948


Systkinaafsláttur er 25% með öðru barni og 50% með þriðja barni. Þá geta foreldrar sem stunda dagnám sótt um afslátt af leikskólagjaldi og greiða þeir samkvæmt forgangsgjaldi sem er greiðsla fyrir börn einstæðra foreldra og nemur afslátturinn 30% af fullu gjaldi.

Einstæðir foreldrar njóta ekki jafnframt námsmannaafsláttar.

Afsláttur af leikskólagjaldi er aðeins veittur ef viðkomandi stundar nám sem er a.m.k. 24 ECTS einingar á önn.

Sækja þarf um afsláttinn til leikskólastjóra fyrir skólaárið og leggja fram staðfestingu frá skóla um að viðkomandi hafi fengið skólavist og staðfestingu á fjölda eininga sem lokið er á hverri önn. Afslátturinn fellur sjálfkrafa niður í lok maí. Sækja þarf um niðurfellingu fyrir 1. september, ásamt því að endurnýja fyrri umsóknir.

05. MENNINGARMÁL



Rekstur menningarmála hefur þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2011	Fjárhagsáætlun 2012	Fjárhagsáætlun 2013
50.597.	53.920.	56.365.

Með málefni menningar-, viðburða- og ferðamála í sveitarfélaginu fer menningarnefnd ásamt menningarfulltrúa sem er í 100% stöðugildi. Sveitarfélagið er aðili að Héraðsnefnd Árnesinga bs. og fer stærsti hlutur framlaga til nefndarinnar til reksturs héraðsskjalasafns, listasafns og byggðasafns Árnesinga.


Heildarútgjöld til menningarmála eru áætluð 56.5 mkr. Stærstu útgjaldaliðirnir í menningarmálum eru bæjarbókasafn, Versalir, framlög til sameiginlegra safna á Suðurlandi svo og ýmiskonar menningarviðburðir. Nettóútgjöld vegna Versala eru áætluð 15.2 mkr. sem er að stærstum hluta innri leiga af húsnæðinu.

Sú breytinga hefur verið gerð á rekstri Versala að sveitarfélagið hefur að nýju tekið alfarið við rekstri salanna og hefur verið ráðinn húsvörður sem sér um rekstur þeirra.

Þá er kostnaður vegna ýmiskonar hátíðarhalda svo sem vegna 17. júní og Hafnardaga sem er árleg hátíð íbúa Sveitarfélagsins Ölfuss

Menningarlíf sveitarfélagsins hefur verið með miklum blóma síðustu árin og hefur sveitarfélagið laðað til sín fjölbreytta flóru listamanna sem hafa haft jákvæð áhrif á mannlífið.

06. ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSMÁL



Rekstur æskulýðs- og íþróttamála hefur þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2011	Fjárhagsáætlun 2012	Fjárhagsáætlun 2013
187.229.	189.145.	201.015.

Um málefni íþrótt- og æskulýðsmála fer æskulýðs- og íþróttanefnd ásamt íþrótt- og æskulýðsfulltrúa sem er í 100% stöðugildi. Önnur stöðugildi innan málaflokksins eru í íþróttamiðstöð 7,77 stöðugildi svo og í félagsmiðstöðinni Svítunni 0,3 stöðugildi

Heildarútgjöld til íþrótt- og æskulýðsmála eru áætluð um 229.8 mkr. og rekstrartekjur 28.8 mkr. Stærstu kostnaðarliðirnir eru rekstur íþróttamiðstöðvar, styrkir til íþróttafélaga og rekstur íþróttavalla og félagsmiðstöðvar.

Heildarútgjöld við rekstur íþróttamiðstöðvarinnar eru áætluð um 148.8 mkr. og rekstrartekjur 26.5mkr. Stærsti einstaki útgjaldaliðurinn við rekstur íþróttamiðstöðvarinnar er innri leiga sem er áætluð um 81 mkr.

Sú breyting hefur verið gerð á rekstri líkamsræktaraðstöðunnar í íþróttahúsinu að sveitarfélagð hefur alfarið tekið við rekstri hennar en hún var áður í útleigu.

Rekstur leikvalla, vinnuskóla, smíðavallar og íþróttanámskeiða er áætlaður 14.8 mkr. En mikil aukning hefur verið í rekstri vinnuskólans síðustu ár og skráðu sig mun fleira í vinnuskólann á síðustu tveimur árum en verið hefur áður.

Þá sér knattspyrnufélagið Ægir um rekstur vinnuskóla og íþróttanámskeiða í verktöku.

Rekstur félagsmiðstöðva er áætlaður 9.4 mkr. Rekstur íþróttavalla er áætlaður 15.7 mkr. og rekstrartekjur 2.2. mkr.

Um stuðning til íþrótt-, æskulýðs- og annarra og tólmstundafélaga fer samkvæmt

þjónustusamningum að mestu leyti sem sveitarfélagið hefur gert við viðkomandi félög. Í


þjónustusamningunum er m.a. kveðið á samstarf á ýmsu sviði, stuðning til barna og unglinga vegna

æfingagjalda, eflingu félaganna, þjónustu um rekstur æfinga- og keppnissvæða, um rekstur íþrótt- og leikjanámskeiða, rekstur smíðavallar og gerð reiðvega.

Nýjir samningar taka gildi frá og með 1. janúar 2013 og gilda út árið 2016 og nema styrkir sveitarfélagsins til æskulýðs og íþróttafélaga á tímabilinu rúmlega 100 mkr.

Aukning hefur verið í fjölda sundgesta undanfarin ár og má ekki síst þakka það þeirri glæsilegri aðstöðu sem sveitarfélagið hefur byggt upp á síðustu árum og að börn og ungmenni undir 16 ára aldri fá frítt í sund. Tekjur vegna komu sundgesta eru áætlaðar um 4.5 mkr.

07. BRUNAMÁL- OG ALMANNAVARNIR



Rekstur brunamála og almannavarna hefur þróast með eftirfarandi hætti:


Ársreikningur 2011	Fjárhagsáætlun 2012	Fjárhagsáætlun 2013
--------------------	---------------------	---------------------

17.931.	19.285.	20.860.
---------	---------	---------

Sveitarfélagið Ölfus hefur verið aðili að Brunavörnum Árnassýslu frá 1. janúar 2010. Sveitarfélög í Árnassýslu hafa sameinast um eina almannavarnarnefnd fyrir svæðið. Með sameiginlegri nefnd er verið að styrkja almannavarnarkerfið á svæðinu.

Heildarútgjöld til brunamála og almannavarna eru áætluð 20.9 mkr. og er stærsti kostnaðarliðurinn í málaflokknum rekstrarhlutdeild sveitarfélagsins í BÁ eða 18.8 mkr.

08.HREINLÆTISMÁL



Rekstur hreinlætismála hefur þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2011	Fjárhagsáætlun 2012	Fjárhagsáætlun 2013
--------------------	---------------------	---------------------

9.479.	19.285.	17.435.
--------	---------	---------

Sveitarfélagið tekur þátt í byggðasamlagi um sorpmál og er aðili að Sorpstöð Suðurlands. Þann 1. desember 2009 var sorpurðun hætt í Kirkjuferjuháleigu samkvæmt samkomulagi sem gert var milli Sveitarfélagsins Ölfuss og stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands 3. nóvember 2004 og er nú öllu sorpi úr sveitarfélaginu keyrt til urðunar á Reykjavíkursvæðinu.

Unnið er að endurskoðun fyrirkomulags sorpmála.

Heildarútgjöld til hreinlætismála eru áætluð 43. mkr. og rekstrartekjur um 25.5 mkr. Sorphreinsunar- og sorpeyðingargjöld hækka um tæp 5% milli árunna 2012 og 2013.

Undir þennan málaflokk heyrir einnig dýrahald. Hunda- og kattahald er bannað í sveitarfélaginu að undanteknum þarfahundum á lögbýlum og hundum sem notaðir eru til björgunarstarfa svo og aðstoðarhundum blindra og fatlaðra einstaklinga. Hægt er þó að fá leyfi fyrir hundum og köttum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sbr. samþykktir um hunda- og kattahald.

Gjaldskrár fyrir hunda- og kattahald hækka um tæp 5% milli ára.

GJALDSKRÁ FYRIR HUNDAHOLD 2013

Hundagjald	11.850 pr/hund.
Handsömunargjald fyrsta skipti	5.062 pr/hund.
Handsömunargjald ef til handsömunar kemur aftur innan sex mánaða	7.453 pr/hund.

GJALDSKRÁ FYRIR KATTAHOLD 2013

Kattagjald	3.615 pr/kött
------------	---------------

Handsömunargjald fyrsta skipti	3.465 pr/kött
Handsömunargjald ef til handsömunar kemur aftur innan sex mánaða	6.935 pr/kött

HREINSUN OG LOSUN ROTÞRÓA 2013


Gjöld miðast við framkomna reikninga frá verktaka frá og með 1. janúar 2013.

SORPHIRÐUGÖLD 2013

Sorphreinsigjald á íbúðarhús	kr. 18.364- pr/ári.
Sorpeyðingargjald á íbúðarhús	kr. 10.495- pr/ári.
Fyrir hverja aukatunnu við sérmetna fasteign	kr. 16.953-pr/ári
Tunnuleiga	kr. 494- pr/t. á ári.
Flutningur á tunnu (fyrsta tunna frítt)	kr. 1.872- pr/ferð

- a) Atvinnuhúsnæði fyrir tunnu af sorpi frá starfsmannaaðstöðu kr. 36.296- fyrir hverja tunnu.
- b) Öll fyrirtæki lögaðila og annarra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skal leggja á móttöku- og sorpeyðingargjald samkvæmt gjaldskrá Sorpu sem staðfest er af stjórn hverju sinni að viðbættum aksturskostnaði og umsýslugjaldi Sorpstöðvar Suðurlands.

09.SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL



Rekstur skipulags- og byggingamála hefur þróast með eftirfarandi hætti:


Ársreikningur 2011	Fjárhagsáætlun 2012	Fjárhagsáætlun 2013
13.486.	12.410.	13.115.

Skipulags-, bygginga- og umhverfisnefnd ásamt skipulags- og byggingarfulltrúa í 100% stöðugildi og umhverfisstjóra í 100% stöðugildi fara með málefni skipulags-, bygginga- og umhverfismála í umboði bæjarstjórnar. Launakostnaður er um 12.3 mkr. eða um 60% af kostnaði vegna málaflokksins.

Heildarútgjöld til skipulags- og byggingamála eru áætluð 20.3 mkr og rekstrartekjur 7.2 mkr. Helstu kostnaðarliðir eru rekstur skipulags- og byggingarfulltrúaembættisins og vinna við gerð aðal- og deiliskipulaga.

Þá eru líka færðar undir þennan lið, áætlaðar tekjur af malarnámi í Bolaöldum og Lambafelli 6.8 mkr.

10. UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁL



Rekstur umferðar- og samgöngumála hefur þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2011	Fjárhagsáætlun 2012	Fjárhagsáætlun 2013
29.453.	33.010.	40.315.


Heildarútgjöld við málaflokkinn eru áætluð 40.9 mkr. og rekstartekjur 0.6 mkr.

Helstu útgjaldaliðir eru viðhald gatna og gangbrauta 19.3 mkr. Framlög til reiðvega 3.4 mkr. og fer um gerð þeirra samkvæmt þjónustusamningum milli sveitarfélagsins og viðkomandi hestamannafélaga sem voru endurnýjaðir frá og með 1. Janúar 2013. Götulýsing 10.8 mkr. og snjómokstur og hálfvornir 2.1 mkr.

Sveitarfélagið gerði á síðasta ári samning um auknar almenningssamgöngur milli Þorlákshafnar og Selfoss og greiðir 4.4 mkr. á árinu 2013 til þessa reksturs.

Fyrirhugað er á næstu árum að fara í viðhald eldri gatna í Þorlákshöfn með markvissari hætti en verið hefur.

11.UMHVERFISMÁL



Rekstur umhverfismála hefur þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2011	Fjárhagsáætlun 2012	Fjárhagsáætlun 2013
7.509.	12.195.	12.990.


Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd fer með framkvæmd umhverfismála.

Heildarútgjöld til málaflokksins eru áætluð 13. mkr.

Undir málaflokkinn umhverfismál flokkast skrudgarðurinn, uppgræðslumál, fegrun sveitarfélagsins, jólaskreytingar og minka- og refaeyðing.

Áhersla verður lögð á að bæta enn frekar ásýnd og aðkomu bæjarins svo og sveitarfélagsins alls með öllum tiltækum ráðum.

13. ATVINNUMÁL



Rekstur atvinnumála hefur þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2011	Fjárhagsáætlun 2012	Fjárhagsáætlun 2013
8.156.	6.685.	9.200.

Heildarútgjöld til málaflokksins eru áætluð 10. mkr og tekjur 0.8 mkr. og eru helstu útgjaldaliðir framlag til SASS vegna atvinnuþróunarmála 2.5 mkr. Til landbúnaðarmála er áætlað að verja 3.1. mkr. Þá er rekstur tjaldsvæðis undir þessum málaflokki og eru áætluð rekstrarútgjöld til þess 1.9 mkr og tekjur 0.8 mkr.

Mikil aukning gesta hefur orðið á tjaldstæðið á undanföllum árum en tjaldsvæðið var tekið í notkun sumarið 2008.


Þá er gert ráð fyrir 700 þús kr. framlagi til Markaðsstofu Suðurlands en sveitarfélagið gerðist aðili að stofunni 1. janúar 2011 og hefur nú nýverið endurnýjað samning sinn við stofuna til næstu 3ja ára eða til loka ársins 2014.

Markmið með þátttöku í MSS er að koma sveitarfélaginu betur á framfæri við ferðamenn bæði innlenda og erlenda. Taka þátt í sameiginlegri markaðssetningu á Suðurlandi og koma starfsemi sveitarfélagsins og íbúa betur á framfæri. Unnið verður áfram að kynningu á sveitarfélaginu fyrir fjárfesta eins og verið hefur á mörgum síðustu árum.

Þá er áætlað að styrkja rekstur ferðamiðstöðvar sem rekin hefur verið í Herjólfshúsinu yfir sumarmánuðina um 1.8 mkr.

Með tilkomu Suðurstrandarvegjar opnast möguleiki á að nýta landið fyrir vestan Þorlákshöfn undir iðnaðarstarfsemi stóra sem smáa.

21. SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR



Rekstur sameiginlegs kostnaðar hefur þróast með eftirfarandi hættu:

Ársreikningur 2011	Fjárhagsáætlun 2012	Fjárhagsáætlun 2013
64.280.	70.500.	81.005.

Heildarútgjöld til sameiginlegs kostnaðar eru áætluð 93.2 mkr. og tekjur málaflokksins 12.1 mkr. Helstu útgjaldaliðir eru rekstur bæjarskrifstofu 50.3 mkr. Stöðugildi á bæjarskrifstofu er þrjú auk bæjarstjóra. Útgjöld vegna bæjarstjórnar og bæjaráðs eru áætluð 12.5 mkr. Aðrir helstu liðir eru lögfræðiaðstoð, endurskoðun og innheimtukostnaður 10.9 mkr. Til kynningarmála eru áætlaðar um 1.6 mkr. og til héraðsnefndar og SASS er áætlað 1.2 mkr.

28. FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Málaflokkurinn fjármunatekjur og fjármagnsgjöld er eins og á síðastliðnu ári nokkur óvissuþáttur í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Framvinda í efnahagsmálum þjóðarinnar gerir það að verkum að erfitt er að gera áætlun fyrir þennan málaflokk sem byggir á öruggum forsendum.

Gert er ráð fyrir 4.0% verðbólgu á árinu.

Undir málaflokkinn heyrir einnig arður af hlutabréfum s.s. frá Lánasjóði sveitarfélaga og framlögum frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands.

31. EIGNASJÓÐUR ÖLFUSS

Sú meginregla gildir að fasteignir sveitarfélaga eru færðar í sjálfstæða rekstrareiningu innan A-hluta sveitarfélagsins og er þessum eignasjóði ætlað að sjá um rekstur, nýbyggingar, kaup eða sölu eigna í umboði sveitarstjórnar. Eignasjóður leigir síðan út fasteignir til rekstrareininga sveitarfélagsins samkvæmt þörfum viðkomandi rekstrareininga og innheimtir svokallaða innri leigu í samræmi við raunverulegan kostnað sem viðkomandi fjárfesting ber með sér. Meðal annars er tekið mið af afborgunum lána, vöxtum, afskriftum, viðhaldi og fasteignagjöldum.

Markmiðið með eignasjóðum er að gera rekstrarkostnað fasteigna sýnilegri og að sérhver rekstrareining beri þann raunkostnað sem henni ber.

Leigutekjur eignasjóðs eru áætlaðar rúmar 223.0 mkr. sem eru millifærðar að stærstum hluta sem gjöld í aðalsjóði.

Rekstartkostnaður er áætlaður 58 mkr. Afskriftir eigna 83.1 mkr. og fjármagnskostnaður um 208.5 mkr.

Áætlað tap er því um 124.5 mkr. sem helgast af miklum fjármagnskostnaði Eignasjóðs.

Helsta framkvæmd sveitarfélagsins á árinu 2013 er viðbygging við leikskólann Bergheima en áætlað er að verja 150 mkr. til verksins á árinu 2013 og 15 mkr. á árinu 2014. Þá er einnig gert ráð fyrir að veita 2 mkr. árlega næstu þrjú árin til gerðar heilsustíga í Þorlákshöfn.

Þá er einnig gert ráð fyrir á árinu 2014 að endurnýja tónlistarálmu grunnskólans.

33. ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

Þjónustumiðstöð sveitarfélagsins sinnir ýmsum verkefnum svo sem viðhaldi fasteigna sveitarfélagsins, snjómokstri, svo og ýmsu öðru viðhaldi og umhirðu innan sveitarfélagsins auk ýmissa annara tilfallandi verkefna.

Þá hafa starfsmenn miðstöðvarinnar með að gera rekstur vatnsveitu og fráveitu.

Heildarkostnaður við þjónustumiðstöðina er áætlaður um 55. mkr. og rekstartekjur um 25. mkr.

Þjónustumiðstöð heyrir undir þjónustusvið sveitarfélagsins.

Stöðugildi eru fjögur. Umhverfisstjóri og þrír aðrir starfsmenn.

B-HLUTA FYRIRTÆKI

B-hluta fyrirtæki sveitarsjóðs eru:

Hafnarsjóður Þorlákshafnar,

Vatnsveita Þorlákshafnar,


Íbúðir eldri borgara,

Uppgræðslusjóður Ölfuss,

Félagslegar íbúðir,

Fráveita Ölfuss.


41. HAFNARSJÓÐUR ÞORLÁKSHAFNAR



Hafnarstjórn ásamt hafnarstjóra fer með málefni þorlákshafnar í umboði bæjarstjórnar.

Hjá hafnarsjóði eru 4.2 stöðugildi.

Gert er ráð fyrir heildartekjur hafnarinnar á árinu 2013 verði um 107.7 mkr.



Helstu útgjaldaliðir eru laun og launatengd gjöld 38 mkr. Annar rekstrarkostnaður 55.6 mkr.

Afskriftir 22.2 mkr. og fjármagnsliðir 2.1 mkr.

Helstu nýmæli í rekstri hafnarinnar eru að samþykkt hefur verið að fara í markaðsátak fyrir höfnina á árinu 2013 og eru áætlaðar í það verkefni 15 mkr.

Áætluð rekstarniðurstaða er því neikvæð um rúmar 10 mkr.

Þá er gert ráð fyrir nýframkvæmdum við frágang á hafnarsvæði fyrir 10 m. kr. svo og venjubundins viðhalds eins og verið hefur á síðustu árum og er áætlað að verja 4 mkr. í það.

Þá er einnig gert ráð fyrir dýpkun hafnarinnar og áætlaður hlutur hafnarinnar í henni 7.0 mkr. Dýpkanir hafna eru styrkhæfar frá ríkinu og greiðir ríkissjóður framlag til verksins samkvæmt ákveðnum reglum þar um.

Í gildi er samningur milli sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar þess efnis að Þorlákshöfn verði varahöfn Herjólfis og greiðir Vegagerðin fast gjald til hafnarinnar árlega til þess að viðhalda þeim mannvirkjum sem tengd eru komum Herjólfis auk hafnargjalda sem innheimt eru af komum skipsins og greidd eru af rekstaráðila skipsins

Gildistími þessa samnings er til loka ársins 2014.

43. VATNSVEITA ÞORLÁKSHAFNAR

Rekstrarniðurstaða vatnsveitu er áætluð jákvæð um 4.9- mkr.

Rekstur veitunnar verður með hefðbundnu sniði og ekki er gert ráð fyrir neinum framkvæmdum hjá veitunni á árinu en áfram unnið að hefðbundnu og fyrirbyggjandi viðhaldi til þess að bæta ennfrekar rekstraröryggi veitunnar og eru áætlaðar 5.5- mkr. til þessara verkefna.

53. ÍBÚÐIR ELDRI BORGARA

Gert er ráð fyrir um 7.5 mkr. tapi á rekstri íbúða og þjónustuhúss eldri borgara að Egilsbraut 9 þrátt fyrir 5.0 mkr. framlag frá aðalsjóði.

Til endurbóta og viðhalds á húsinu eru áætlaðar 3,0- mkr.

Eftirtaldar íbúðir eru skráðar á Egilsbraut 9.

Hús	Stærð	Byggingarár
Egilsbraut 9	73,9	2001
Egilsbraut 9	67,6	1988
Egilsbraut 9	62,0	1988
Egilsbraut 9	62,0	1988
Egilsbraut 9	67,6	1988
Egilsbraut 9	75,7	1988
Egilsbraut 9	64,1	1988
Egilsbraut 9	64,1	1988

Egilsbraut 9	75,7	1988
Egilsbraut 9	62,8	2001
Egilsbraut 9	63.0	2001

UPPGRÆÐSLUSJÓÐUR ÖLFUSS

Settar hafa verið sérstakar samþykktir um rekstur Uppgræðslusjóðs Ölfuss. Uppgræðslusjóði er heimilt að veita landeigendum, Sveitarfélaginu Ölfusi, félagasamtökum og öðrum umráðahöfum lands, styrki til landbótaverkefna. Með styrkveitingum úr sjóðnum er ætlunin að efla landgræðslu og gróðurvernd í Sveitarfélaginu Ölfusi samkvæmt reglum hans.

Ekki er gert ráð fyrir öðrum tekjum en vaxtatekjum til sjóðsins á árinu 2012 sem nýta á í styrki til uppgæðsluverkefna innan sveitarfélagsins en samkvæmt reglum hans er einungis heimilt að nýta vaxtatekjur hvers árs til framlaga og fer það því eftir vaxtastigi í landinu hver endanleg framlög verða.

57.FÉLAGSLEGAR ÍBÚÐIR

Rekstarniðurstaða félagslegra íbúða er áætluð neikvæð um 3.8 mkr. Sveitarfélagið á nú fimm félagslegar íbúðir. Auk þess sem þjónustuíbúðir fatlaðra að Selvogsbraut 1 falla undir félagslegar íbúðir en þar eru 6 íbúðir. Aukin áhersla hefur verið á viðhaldi þessara eigna á síðustu árum. Til viðhalds fasteignanna á árinu 2013 er áætlað að veita 2.2 mkr.

Eftirtaldar íbúðir eru eign félagslegra íbúða auk íbúðanna að Selvogsbraut 1:

Hús	Íbúð númer	Byggingarár
Sambyggð 8	0103	1981
Sambyggð 8	0202	1981
Sambyggð 6	0301	1981
Norðurbyggð 22 b		1991
Norðurbyggð 24 b		1992

61.FRÁVEITA ÖLFUSS

Rekstur fráveitu verður með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár og gert er ráð fyrir jákvæðri afkomu hennar á árinu 2013 um 5.9 mkr.

Hafin verður hönnun við nýja útrás fráveitunnar á árinu 2013 og er áætlaðar 3 miljónir til verksins. Þá er gert ráð fyrir að framkvæmdir við útrásina hefjist á árinu 2014 og er gert ráð fyrir 30 miljónum til verksins á því ári.

LOKAORÐ

Við gerð fjárhagsáætlunarinnar var góð samvinna á milli meiri- og minnihluta bæjarstjórnar svo og þeirra forstöðumanna sveitarfélagsins sem komu að gerð hennar.

Rekstur bæjarfélagsins lítur betur út nú en oft áður og hefur náðst gott jafnvægi í rekstri hans.

Gerður hefur verið nýr og hagstæðari samningur við Fasteign um verulega lækkun á leigugreiðslum vegna íþróttamiðstöðvarinnar til hagsbóta fyrir bæjarfélagið.

Við gerð þessarar fjárhagsáætlunar er horfið frá frekari niðurskurði í rekstri og heldur aukið við þjónustu.

Unnið verður áfram markvisst að því að létta á skuldastöðu sveitarfélagsins þannig að saman geti farið lækkandi skuldabyrði, framboð góðrar grunnþjónustu og uppbygging sveitarfélagsins.

Helsta óvissa við gerð fjárhagsáætlunar 2013 er vegna neikvæðra horfa í þjóðarbúskapnum og þá sérstaklega lækkað verð á fiskafurðum og sölutregða. Auk þess hafa auknar álögur á sjávarútveginn íþyngjandi áhrif á fjárfestingagetu hans og uppbyggingu. Í þeirri fjárhagsáætlun sem nú liggur fyrir er gert ráð fyrir að klára viðbyggingu við leikskólann, endurnýjun gatna og verkefna í fráveitu. Annar rekstur sveitarfélagsins er miðaður við að jákvæð afkoma verði á rekstri hans og sem mest fái út úr sjóðstreymi til fjárfestinga ársins.

Þorlákshöfn í janúar 2013.

Ólafur Örn Ólafsson
bæjarstjóri Ölfuss.